

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1582/97**

frá 30. júlí 1997

**um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 1983/83 og nr. 1984/83 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu annars vegar og einkakaup hins vegar(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 1. gr.,að birtum drögum að þessari reglugerð<sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Gildistími reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83<sup>(3)</sup> og nr. 1984/83<sup>(4)</sup> um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu annars vegar og einkakaup hins vegar, eins og þeim var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, rennur út 31. desember 1997.

Framkvæmdastjórnin hefur gefið út grænbók um löðréttar hömlur í samkeppnisstefnu EB með það í huga að stofna til viðtækrar almennrar umræðu um beitingu 1. og 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart samningum milli fyrirtækja, sem starfa á ólíkum rekstrargrundvelli, þar með taldir samningar um einkadreifingu, samningar um einkakaup og sérleyfissamningar.

Rétt er að gera ráð fyrir nægum tíma til að ljúka þessari umræðu, skoða niðurstöður hennar og draga ályktanir sem geta nýst við stefnumótun á sviði samkeppnismála í framtíðinni.

Ekki verður við komið að ljúka þessari vinnu tímanlega til að hægt sé að samþykkja og birta nýja reglugerð fyrir 31. desember 1997.

Til að tryggja réttaröryggi fyrirtækja er rétt að breyta reglugerðum (EBE) nr. 1983/83 og nr. 1984/83 með því að framlengja gildistíma þeirra til 31. desember 1999 en þá fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4087/88 frá 30. nóvember 1988 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum umboðssamninga<sup>(5)</sup>.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Í 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1983/83 komi dagsetningin „31. desember 1999“ í stað „31. desember 1997“.

**2. gr.**

Í 19. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1984/83 komi dagsetningin „31. desember 1999“ í stað „31. desember 1997“.

**3. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugusta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Karel VAN MIERT**

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 214, 6. 8. 1997, bls. 27, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 84/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. 36, 6. 3. 1965, bls. 533/65.

(2) Stjttíð. EB nr. C 121, 19. 4. 1997, bls. 7.

(3) Stjttíð. EB nr. L 173, 30. 6. 1983, bls. 1.

(4) Stjttíð. EB nr. L 173, 30. 6. 1983, bls. 5.

(5) Stjttíð. EB nr. L 359, 28. 12. 1988, bls. 46.